

LAXÁ Á ÁSUM 1988

Tumi Tómasson

Hólum, apríl 1989

VMST-N/89006X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

LAXÁ Á ÁSUM 1988

INNGANGUR

Vorið 1988 voru seiðastofnar Laxár frá Laxárvatni og niður að Húnavatni kannaðir með rafveiðum. Veitt var á sömu stöðum og á undanförnum árum. Seiðin voru mæld, sýni tekin til aldursgreininga og almennt ástand þeirra metið. Athugunin fór fram dagana 26. og 29. maí. Seiðastofnar í Fremri Laxá voru ekki kannaðir þessu sinni, og engin athugun var gerð um haustið.

LAXVEIÐAR Í LAXÁ Á ÁSUM

Ég hef nýlega litið yfir þau gögn sem til eru á Veiðimálastofnun um veiði í Laxá og framkvæmdir sem áhrif hafa á veiðina.

Árið 1933 var áin virkjuð, ósinn úr Laxárvatni stíflaður og vatni miðlað. Laxastigi sem var gerður við stífluna var óvirkur og það var ekki fyrr en 1958 að þrír laxar veiddust á milli Laxárvatns og Svínavatns, þeir fyrstu síðan Laxárvatn var stíflað. Árið 1963 var gerður nýr stigi upp í Laxárvatn. Ekki er annað vitað en sá hafi dugað en lítið vatnsrennsli um stigann og ána sumarið 1964 gerði það að verkum að lax gekk lítið fram fyrir rafveitustrenginn, enda áin næstum þurr þar á köflum. Ekki er minnst frekar á áhrif virkjunarinnar í þeim gögnum sem til eru, fyrr en Jón Kristjánsson athugar hvað megi gera til að hindra að fullorðinn lax leiti upp í útfallsskurð virkjunarinnar (Jón Kristjánsson 1978).

Fyrir 1940 var netaveiði mest stunduð í Laxá. Þá veiddu Hjaltabakki og Hústaðir í félagi um 600-800 laxa árlega. Veiði var einnig stunduð á jörðunum þar fyrir framan, en ekki er þess getið hve mikil sú veiði var.

Frá 1940 var áin leigð út til stangveiði og eru til skýrslur um þessa veiði frá 1949. Silungsveiði er mest skráð 22 fiskar, en engin flest árin. Ekki er ljóst hvort netaveiði hafi verið stunduð samhliða stangveiðinni í upphafi en stuttur veiðitími og lítil veiði benda til að svo hafi getað verið. Á árunum 1949-1956 var yfirleitt veitt um 2 mánuði á sumri, oftast frá 17.-20. júní (Tafla 1).

Árið 1958 var ákveðið að veiða mætti með tveimur stöngum á dag í 68 daga, og árið 1964 er veitt leyfi til að veiða með þremur stöngum í ánni. Ekki er ljóst hvort þetta leyfi hafi verið notað. Árið 1967 er hætt að leigja ána út einum aðila, en þess í stað fóru veiðiréttareigendur að skipta með sér veiðidögum í hlutfalli við arðskrá. Veiddu menn þá ýmist sjálfir eða seldu öðrum sína daga í ánni. Svo virðist sem núverandi fyrirkomulag, þ.e. tvær stangir frá 1. júní til 30. sept. og kerfisbundin skipting stangardaga milli veiðiréttareigenda hafi komist á 1972.

Í Töflu 1 er tekið saman yfirlit um stangveiðina í Laxá frá 1949, eins og hún er skráð hjá Veiðimálastofnun. Ég hef reynt að skipta veiðinni í smálax (lax sem hefur verið eitt ár í sjó) og stórlax (lax sem hefur dvalið tvö ár í sjó) á grundvelli þyngdardreifingar aflans.

Þá er skipt við 6-8 pund, misjafnt á milli kynja og ára. Skipting er ekki alltaf glögg og því ekki alveg nákvæm. Gott væri að fá hreistursýni af lögum úr ánni til að staðfesta þessa skiptingu. Það er erfitt að leggja dóm á hversu áreiðanlegar og/eða sambærilegar þessar veiðitölur eru. Þó má gera ráð fyrir að frá og með 1972 sé um nokkuð sambærilegar veiðitölur að ræða. Það vekur athygli að frá þessum tíma er veiðin mjög jöfn.

Skýrslur um veiði í Fremri Laxá eru mjög gloppóttar. Svo virðist sem veiði þar hafi oftast verið 1-2000 urriðar en lítið veiðst af laxi, oftast innan við 30 stk að undanskildu árinu 1979 en það ár eru skráðir 73 laxar.

Í flestum ám norðanlands er mikil fylgni milli fjölda smálaxa eitt árið og fjölda stórlaxa ári síðar. Svo er þó ekki í Laxá á Ásum. Þetta er dæmigerð smálaxaá og svo virðist sem hlutfall stórlaxa af gönguseiðaárgangi ráðist að mestu af umhverfisaðstæðum en erfðalega séð er hér um smálaxastofn að ræða. Breytilegt hlutfall stórlaxa í gönguseiðaárgangi á sinn þátt í að draga úr sveiflum í veiði milli ára.

NIÐURSTÖÐUR RAFVEIÐA

Rafveiðistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1) og niðurstöður rafveiðanna eru settar fram í Töflu 2 og á Mynd 2. Aðstæður til veiða voru nokkuð góðar, þó gerði hvassviðri okkur stundum erfitt fyrir. Má ætla að veiðnin hafi verið í tæpu meðallagi miðað við árin á undan.

Seiðapéttleiki er almennt nokkuð mikill og einkum eru 2+ seiði áberandi ef miðað er við fyrri ár. Seiði á öðru ári (1+ árangur hrygningar 1986) eru allstaðar í töluverðum mæli nema í rafveituskurðinum (staður 8).

UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR

Síðan athuganir á seiðstofnum Laxár hófust 1985 má segja að tiltölulega litlar breytingar hafi mátt merkja á milli ára (sjá skýrslur fyrri ára, Tumi Tómasson 1986, 1987 og 1988). Helst virðist sem klakárgangur 1985 (hrygning 1984) hafi verið með minna móti, en sumarið 1984 var veiðin einnig sú minnsta í tvo áratugi (Tafla 1).

Seiðin í Laxá ganga almennt út sem 3+ og í minna mæli sem 4+ og því mun það sjást á laxveiðinni sumarið 1989 hvort áhrif minni hrygningar 1984 séu merkjanleg í gönguseiðaframléiðslu. Eg tel þó að sveiflur í laxgengd (sem er lítil miðað við það sem þekktist í öðrum ám í Húnavatnssýslum) megi að verulegu leiti rekja til annarra þátta en seiðapéttleika, t.d. vorkomu, vatnsrennslis á göngutíma, afráns og sjávarskilyrða.

Þá getur rekstur virkjunarinnar, einkum vatnsmiðlanir sem tengjast henni, haft mikil áhrif á lífríkið. Þetta kemur glögggt í ljós í rafveiðunum í rafveituskurðinum og einnig fyrir neðan Svínavatn (sjá skýrslur fyrri ára).

Á síðastliðnum árum hefur veiðiálag í Laxá verið aukið töluvert með klakfiskatöku að haustinu, að loknum venjulegum veiðitíma. Ekki er annað að sjá en að í árum þegar laxgengd er góð þolir stofninn vel aukið veiðiálag. Slíkt má gera á fleiri vegu, t.d. með veiðistaðagerð, sem þegar hefur verið byrjað á og gefið góða raun, og með því að leggja vegi eða stíga að veiðistöðum og gera ána þannig aðgengilegri fyrir veiðimenn.

Fremri Laxá hefur verið í lögð undanfarandi ár, en rafveiðar benda til að laxaframleiðsla þar sé að aukast. Sá lax sem þangað ætlar fer í gegnum veiðina í Neðri Laxá og því er það hagsmunamál allra að vel sé staðið að laxrækt í Fremri Laxá.

Eins og fram hefur komið eru laxagöngur og laxveiði í Laxá til þess að gera stöðugar og líklegt að niðurstöður athugana á seiðastofnum muni í flestum tilfellum ekki kalla á miklar laxræktaraðgerðir. Þó tel ég að í þeim geti falist nokkuð öryggi því með þeim mætti oft sjá hvort stóráföll hefðu átt sér stað, t.d. vegna virkjunarinnar, jafnvel áður en áhrifa þeirra yrði vart í veiðinni.

HEIMILDIR

- Tumi Tómasson 1986. Athugun í Laxá á Ásum 1985. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/87003, 10 bls.
1987. Laxá á Ásum 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/87005X, 7 bls.
1988. Laxá á Ásum 1987. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-N/88013X, 7 bls.
- Jón Kristjánsson 1978. Skoðunarferð að Laxá á Ásum 31/1 78. Skýrsla Veiðimálastofnunar, 3 bls.


SKYR89
LAXASUM.88
300389

Tafla 1. Yfirlit yfir laxveiðina í Laxá á Ásum 1949-1988
Samkvæmt skýrslu Veiðimálastofnunar.


Ár	Smálax	Stórlax	Samtals	Fjöldi silunga	Veiðitími
1949	101	94	195	6	2.júli-25.ágúst
1950	193	25	219	-	18.júní-19.ágúst
1951	143	81	224	22	17.júní-19.ágúst
1952	205	97	302	15	22.júní-24.ágúst
1953	124	89	213	5	21.júní-22.ágúst
1954	240	53	293		
1955	-	-	500+	-	
1956	-	-	278	-	
1957	393	146	539	2	8.júní-28.ágúst
1958	503	86	589	-	1.júní-31.ágúst
1959	482	127	609	-	7.júní-31.ágúst
1960	747	81	828	-	14.júní-31.ágúst
1961	1083	161	1244	-	4.júní-30.ágúst
1962	1194	175	1369	-	15.júní-15.sept
1963	896	300	1196	-	15.júní-14.sept
1964	1000	371	1371	-	13.júní-12.sept
1965	282	215	497	-	14.júní-31.ágúst
1966	90	85	173	-	19.júní- 4.sept
1967	-	-	280	-	1.júlí-20.sept
1968	251	167	418	-	24.júní-20.ágúst
1969	109	136	245	-	21.júní- 2.sept
1970	538	37	575	1	24.júní-26.ágúst
1971	1411	217	1628	1	18.júní-31.ágúst
1972	868	815	1683	-	1.júní- 1.sept
1973	1222	383	1605	-	1.júní- 1.sept
1974	946	493	1439	-	1.júní- 1.sept
1975	1223	658	1881	-	1.júní- 1.sept
1976	883	389	1270	-	1.júní- 1.sept
1977	1114	325	1439	-	1.júní- 1.sept
1978	1381	473	1854	2	1.júní- 1.sept
1979	1282	368	1650	3	1.júní- 1.sept
1980	336	620	956	6	1.júní- 1.sept
1981	1208	274	1482	7	1.júní- 1.sept
1982	782	254	1036	2	1.júní- 1.sept
1983	775	275	1050	9	1.júní- 1.sept
1984	300	325	625	10	1.júní- 1.sept
1985	1141	297	1438	3	1.júní- 1.sept
1986	1484	327	1811	-	1.júní- 1.sept
1987	870	287	1157	4	1.júní- 1.sept
1988	1387	313	1700	-	1.júní- 1.sept

Tafla 2. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri í Laxá á Ásum í maí 1988.

Staður	Stærð veiðisv (m)	Fjöldi veiddra seiða á 100 m			
		1+	2+	3+	4+
4	30x10	8.7	15.7	4.3	-
5	25x10	5.6	11.2	8.0	-
6	33x10	3.3	18.8	5.1	1.8
7	40x8	6.9	10.3	1.6	-
8	40x2	-	2.5	-	-
9	22x15	16.4	17.6	1.8	-
10	45x15	9.3	4.0	-	-
11	35x17	15.0	13.1	2.3	-
12	40x10	5.5	5.7	1.0	-



MYND 1. Rafveiðistaðir í Laxá á Ásum.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá á Ásum í maí 1988. Staðsetning veiðistaða er sýnd á Mynd 1.